

30. fundargerð stýrihóps um byggingu nýs íþróttahúss -

Boðað var til fjögurra kynningafunda 6. og 7. mars 2025 með hagaðilum vegna byggingar íþróttahúss við Víkurbraut – Fundirnir voru í ráðhúsi Hornafjarðar

Á alla fundina mættu fulltrúar stýrihóps Eyrún Fríða Árnadóttir, Björgvin Óskar Sigurjónsson og Hjördís Edda Olgeirsdóttir. Auk þeirra mættu Sigurjón Andrénsson bæjarstjóri, Magnús Rannver Rafnsson frá mannvirkjasviði og Þórgunnur Torfadóttir sem ritaði fundargerð og tók niður fyrirspurnir og umræðupunkta

Dagskrá allra fundanna var á þennan veg

Sigurjón Andrénsson fór í stuttu máli yfir tildrögin að þessum fundum. Síðan tók Magnús við og fór yfir þær hugmyndir sem mannvirkjasvið hefur verið að vinna að undanfarið. Í kynningum var lögð áhersla á að kynna vel hugmyndir að skipulagi til framtíðar. Að kynningum loknum voru umræður og fyrirspurnir. Í framhaldi af þessum fundum verða gögn sett á heimasíðu sveitarfélagsins sem það getur skoðað nánar. Stýrihópurinn óskar eftir því að fá sendar athugasemdir og fyrirspurnir næstu daga sem hægt verður að taka inn í áframhaldandi vinnu.

Þeir umræðupunktar og þær fyrirspurnir sem fram komu á fundunum voru skráðar. Sumu var svarað á staðnum en annað fer inn í þá vinnu sem fram undan er.

Á fundina mættu aðilar frá ýmsum deildum umf. Sindra s.s. aðalstjórn, körfuboltadeild, knattspyrnadeild, blakdeild, fimleikadeild, badmintondeild, rafíþróttadeild og sunddeild. Aðilar frá USÚ, umf. Mána frá velferðarnefnd, fræðslu- og frístundanefnd, umhverfis- og skipulagsnefnd, öldungaráði, ungmennaráði og grunnskólanum. Samtals mættu 39 aðilar á kynningarnar fjórar.